

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

4. desember 2012

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, 94. mál – 141.
löggjafarþing**

I.

Creditinfo Lánstraust hf., hér eftir félagið, veitti því nýverið athygli að ofangreint frumvarp hefði verið lagt fram á Alþingi. Þar sem frumvarpið er nú til umræðu í efnahgs- og viðskiptanefnd þingsins þá ákvað félagið að senda inn athugasemdir sínar þrátt fyrir að frestur til að senda inn umsagnir um frumvarpið sé liðinn.

II.

Lög um ársreikninga gera *mismunandi kröfur* til félaga eftir stærð þeirra. Þannig eru ríkari kröfur gerðar til félaga sem fullnægja tveimur af þremur viðmiðum í 1. gr. nógildandi laga. Umrædd viðmið eru eignir (230 milljónir eða meira), tekjur (460 milljónir eða meira) og fjöldi starfsmanna (50 eða fleiri).

Í c. lið 1. gr. frumvarpsins er að finna breytingu á fyrrgreindum eigna- og tekjuviðmiðum nógildandi laga, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 3/2006. Þannig er eignaviðmið hækkað úr 230 milljónum í 300 milljónir og tekjuviðmið úr 460 milljónum í 600 milljónir.

III.

Ofangreind viðmið um eignir og tekjur hafa m.a. áhrif á *birtingu* ársreikninga, sbr. 2. mgr. 109. gr. nógildandi laga. Þannig segir í umræddu ákvæði að ef félög fullnægja ekki tveimur af umræddum skilyrðum hafi þau heimild til að birta/skila samandregnum ársreikningi til ársreikningaskrár. Samandreginn ársreikningur inniheldur mjög takmarkaðar upplýsingar um félag, þannig þarf t.d. ekki að upplýsa um tekjur og/eða heildar rekstrarkostnað félags.

Af þeim u.þ.b. 23.000 félögum sem hafa skilað ársreikningi fyrir árið 2011 uppfylla 1.290 félög viðmið um eignir (300 milljónum eða meira) og 288 félög uppfylla viðmið um rekstrartekjur (600 milljónir eða meira). Verði ekki gerðar breytingar á reglum er gilda um birtingu ársreikninga, sbr. 2. mgr. 109. gr. n.úg. laga, er ljóst að hækkanar nefndra viðmiða mun hafa áhrif á fleiri félög en áður. Þess ber þó að geta að mörg félög kjósa að skila sundurliðuðum ársreikningi, þ.e. ekki samandregnum, og eru t.d. 34% af ársreikningum 2011 með upplýsingar um rekstrartekjur. Bendir slíkt til þess að mörg félög telja eðlilegt að birta sundurliðaðann ársreikning sem auðvelda m.a. lánveitendum að meta áhættu af lánsviðskiptum við umrædd félög.

Félagið telur það ekki vera heppilega þróun að draga úr gangsæi er kemur að rekstri félaga með takmarkaðri ábyrgð eigenda, en gangsæi er einmitt það endurgjald sem telst eðlilegt þegar eigendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félaga.

Þrátt fyrir að fjárhæðir tilskipunar Evrópusambandsins séu töluvert hærri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu þá telur félagið rétt að taka mið af stærð íslenska markaðarins og e.t.v. láta slíkt hafa meira vægi en gert er frumvarpinu. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að fjöldi hluta- og einkahlutafélaga sem hlutfall af fólksfjölda er mjög hár á Íslandi í samanburði við önnur lönd innan Evrópusambandsins. Þannig er fjöldi slíkra félaga hérlandis u.þ.b. 32.000 á sama tíma og fjöldi slíkra félaga (GmbH og AG félagafarm) í Þýskalandi innan við 2 milljónir. Ef stærð markaðanna er metinn út frá fólksfjölda þá er þýski markaðurinn u.þ.b. 240 sinnum stærri en sá íslenski. Ef hlutfallslegur fjöldi fyrirtækja væri sá sami í Þýskalandi og hérlandis þá væru u.þ.b. 7,5 milljónir félaga þar í landi. Samkvæmt athugun félagsins, frá árinu 2006, þá er hlutfallslegur fjöldi einkahlutafélaga/hlutafélaga mun hærri á Ísland en Norðurlöndunum ef miðað er við fólksfjölda sbr. hjálagða samantekt.

Telur félagið rétt að hafa þetta í huga þegar kemur að skyldu til birtingar ársreikninga því ljóst má vera að hlutfallslegur fjöldi íslenskra félaga, í samanburði við fyrrgreind lönd, bendir til þess að þau séu að jafnaði mjög lítil og minni en stærð efnahagskerfisins gefur til kynna.

Í hjálagðri úttekt má einnig sjá að íslensk félög voru mun skuldsettari en í samanburðarlöndunum er aftur eykur þörf á auknu gagnsæi. Þrátt fyrir að umræddar upplýsingar séu orðnar nokkuð gamlar telur félagið að ekki hafi dregið mikið úr skuldsetningu íslenskra fyrirtækja sl. ár þó félagið hafi ekki kannað slíkt sérstaklega.

IV.

Félagið telur að herða þurfi kröfur og úrræði þegar kemur að birtingum og skilum á ársreikningum og teldi það til bóta að hnykkja á því í frumvarpinu.

Í fyrrnefndri úttek félagsins frá árinu 2006, þar sem aðstæður á Íslandi voru bornar saman við stöðuna í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, kom í ljós verulegur munur á skilum ársreikninga. Þannig höfðu yfir 90% félaga í fyrrnefndum löndum skila ársreikningi á réttum tíma á meðan hlutfallið var 2% á Íslandi. Í dag hafa u.þ.b. 23.000 félög skilað ársreikningum fyrir árið 2011 af u.þ.b. 32.000 skilaskyldum félögum, en lokafrestur til að skila ársreikningum var 31. ágúst sl. Hlutfallið er því u.þ.b. 70% rúmum þremur mánuðum eftir að skilafrestur rann út.

Rétt er að geta þess að umrædd úttekt félagsins frá 2006 var unnin í tengslum við tillögu þess um að bæta skil ársreikninga og nauðsyn þess að taka upp afdráttarlaust sektarákvæði í lög um ársreikninga. Í framhaldinu voru gerðar breytingar á lögum um ársreikningi nr. 3/2006, sbr. lög nr. 160/2006, en ætla má að umrædd breyting hafi ekki að fullu náð því markmiði sem að var stefnt þó vissulega hafi skil ársreikninga batnað mikið. Telur félagið því mikilvægt að löggjafinn geri úttekt á því hvort ástæða sé til að herða reglur um skil ársreikninga.

V.

Í 7. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á skyldum félaga til að upplýsa um hluthafa. Telur félagið umrædda breytingu vera til bóta þar sem rík þörf er á því að sem bestar upplýsingar um eignarhald fyrirtækja sé til staðar enda til þess fallið að auka gagnsæi. Telur félagið að e.t.v. megi ganga lengra í þessu sambandi og gera kröfu um að upplýst verði um endanlegan eiganda í þeim tilvikum þegar lögaðilar eru hluthafar. Í þessu sambandi leyfir félagið sér að vísa til laga er taka til starfsemi fjármálafyrirtækja og gera ríkar kröfur um að umrædd fyrirtæki hafi upplýsingar um raunverulegt

eignarhald, sbr. t.d. 1. gr. og 4. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 64/2006. Hér má einnig vísa til reglna FME um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja nr. 215/2007.

VI.

Félagið telur ástæðu til að víkja að einu atriði sem á þó ekki heima í lögum um ársreikninga en tengist því sem vikið var að í lið V. hér að framan.

Þrátt fyrir að skylt sé að birta upplýsingar um hluthafa í ársreikningi, skv. lögum um ársreikninga, þá leysir það ekki allan vanda er lítur að gagnsæi eignarhalds. Ársreikningar eru alla jafna birtir og skilað til ársreikningaskrár á síðasta ársfjórðungi hvers árs og hafa þá að geyma upplýsingar um eignarhald 31. desember fyrra árs. Upplýsingarnar endurspeglar því ekki endilega raunverulegt eignarhald á þeim tíma sem ársreikningur er birtur og því liggja ekki fyrir upplýsingar hjá opinberum skráarhaldara, hlutafélagaskrá, um raunverulegt eignarhald á hverjum tíma.

Í lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 (sjá sérstaklega 123. gr.) og lögum um hlutafélög nr. 2/1995 (sérstaklega 149. gr.) er kveðið á um skyldur hlutaðeigandi félaga að tilkynna um tiltekna breytingar innan mánaðar frá því þær eru gerðar. Telur félagið eðlilegt og í samræmi við það sem tíðkast víðast í löndum Evrópusambandsins að skylt verði að tilkynna um breytingu hluthöfum til hlutafélagaskrár með sama hætti og gildir um breytingar á samþykktum, framkvæmdastjóra o.s.frv. Með þeim hætti yrðu gögn, sem hefðu að geyma réttar og uppfærðar upplýsingar um hluthafa, sem m.a. auðveldaði fjármálafyrirtækjum að fullnægja ákvæðu fyrrgreindra laga/reglna (lög nr. 64/2006 og reglur nr. 215/2007) og eftirlitsaðilum að viðhafa eftirlit á krosseignatengslum o.fl.

Eins og áður sagði þá lítur umrætt atriði ekki að lögum um ársreikninga en félagið telur þó rétt að vekja athygli nefndarinnar á þessu.

Virðingarfyllst,



Hákon Stefánsson, frkvstj.

Skilaskylda Ársreikninga Samantekt unnin árið 2006 af Lánstraust hf.

Skil á ársreikningum hafa lengi verið vandamál á Íslandi ólíkt hinum Norðurlöndunum. Taflan hér að neðan hefur að geyma samanburð á milli landa á reglum er gilda um skil á ársreikningum, auk upplýsinga um hve stórt hlutfall fyrirtækja skila ársreikninga á réttum tíma. Í töflunni má sjá að Ísland er eina landið sem ekki skýra refsheimild er tekur sérstaklega á þeim tilvikum þegar dráttur verður á skilum á ársreikningi (ekki lagaheimild fyrir beitingu dagsekta á Íslandi). Líkt og sjá má af töflunni þá eru skil á ársreikningum, innan lögbundins frests, yfir 90% í Danmörku, Noregi og Svíþjóð á meðan skilin eru 2% á Íslandi¹.

	Ísland	Danmörk	Noregur	Svíþjóð
Skiladagsetning	ágúst	maí	júní	júlí
Refsiheimild	Já (almenn)	Já (sérstök)	Já (sérstök)	Já (sérstök)
Viðurlög	Ef ekki skilað á tíma	8 daga frá skilad.	2 mán. frá skilad.	7 mán. frá skilad.
Upplausn fyrirtækis	Nei	Já		Já
Dagsektir	Nei	Já	Já	Já
Upphæð sektar í ISK		6.000 - 36.000		48.500 - 194.000
Viðurlögum beitt	Nei	Já	Já	Já
Fjöldi skilaskyldra félaga	23.500	176.500	143.325	279.225
Hlutfall ft. sem skila á tíma	2%	99,80%	90,30%	94,00%

Tafla 1

Rökin fyrir skilaskyldu ársreikninga byggja á því sjónarmiði að um nokkurs konar gagngjald sé að ræða fyrir hagræðið af því að fá að stunda atvinnurekstur með


¹ Tölur um skil íslenskra félaga eru frá 5. september 2006. Þá höfðu 65% félaga skilað ársreikningi vegna ársins 2004 og 78% vegna ársins 2003. Tölur um fjölda skilaskyldra félaga á Íslandi tekur til einkahlutafélaga og hlutafélaga og byggir á fjölda skráðra félaga í rafrænni útg. hlutafélagaskrár sem Lánstraust miðlar.

takmarkaðri ábyrgð. Viðsemjendur slíkra fyrirtækja eigi þess þá kost að fylgjast með rekstrinum og gera sér betur grein fyrir greiðslugetu þeirra.

Skuldsetning fyrirtækja á Norðurlöndunum

Alþjóða Gjaldeyrissjóðurinn gaf út skýrslu þann 12. ágúst 2005 um íslenska hagkerfið, þar sem farið er yfir stöðu og gang mála, hagvaxtarhorfur og stöðugleika efnahagslífsins.

Mynd 1 sýnir að Íslensk fyrirtæki eru þau skuldugustu á Norðurlöndunum og eru skuldir íslenskra fyrirtækja um 180% af eigin fé samanborið við rúmlega 50% hjá öðrum fyrirtækjum á Norðurlöndum. Sé hlutfall skulda á móti eignum skoðað er hlutfallið hjá íslenskum fyrirtækjum 2,9 sinnum hærra en meðaltal annarra Norðurlanda.



Mynd 1 Mæling skuldastöðu – miðgildi (í prósentu)

Íslensk fyrirtæki skera sig einnig út þegar hlutfall skammtímaskulda á móti heildarskuldum er skoðað, í skýrslunni kemur fram að Íslensk fyrirtæki hafi tvisvar sinnum hærra hlutfall skammtímaskulda heldur en fyrirtæki í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Í ljósi hinnar miklu skuldsetningu íslenskra fyrirtækja er enn brýnna að fyrirtæki skili inn ársreikningum, þannig að viðsemjendur þeirra eigi auðveldara með að meta áhættuna er fylgir viðskiptum við þau.